

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
b.t. Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 14. nóvember 2017

Ráðningarákvæði endurskoðanda

Með hliðsjón af alþjóðlegum endurskoðunarstaðli, ISA 210, viljum við með bréfi þessu vekja athygli á gagnkvæmum skyldum og ábyrgð endurskoðenda og stjórnenda í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2017. Þessu bréfi er ætlað að minnka áhættuna á því að til staðar sé misskilningur milli okkar og stjórnenda um skyldur og ábyrgð aðila. Skilmálar þessa bréfs eru í gildi þar til þeim er breytt með nýju ráðningarákvæði.

Tilgangur endurskoðunar og áritunar

1. Við munum endurskoða ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2017 sem gerður er í samræmi við íslensk ársreikningalög og settar reikningsskilareglur. Við lok endurskoðunar munum við láta í ljós álit á ársreikningnum sem sett verður fram í áritun okkar. Áritunin verður gerð til samræmis við kröfur alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISA 700 revised) og gerum við ráð fyrir að áritunin verði fyrirvaralaus. Ef sú staða kemur upp að við teljum okkur þurfa að víkja frá fyrirvaralausri áritun munum við gera stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar tímanlega grein fyrir því.

Markmið og umfang endurskoðunar

2. Við höfum verið ráðin til að endurskoða ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2017, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar. Við tökum með ánægju að okkur þessa endurskoðun í samræmi við það sem fram kemur í þessu ráðningarákvæði. Endurskoðun okkar verður framkvæmd með það að markmiði að láta í ljós álit á ársreikningi ykkar.

Almennar skyldur og ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

3. Endurskoðun okkar verður framkvæmd á þeim grunni að stjórmendor Hafnarfjarðarbæjar staðfesta og gera sér grein fyrir að þeir bera ábyrgð á að:
 - a) Útbúa og setja fram ársreikning í samræmi við íslensk lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.
 - b) Skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.
 - c) Láta okkur í té:

- i. Aðgang að öllum þeim upplýsingum og gögnum sem stjórnendur telja að hafi þýðingu við gerð ársreikningsins svo sem skrár, skjöl og önnur atriði.
- ii. Viðbótar upplýsingar sem við óskum eftir frá stjórnendum vegna endurskoðunarinnar.
- iii. Ótakmarkaðan aðgang að þeim einstaklingum innan félagsins sem við teljum nauðsynlegan við öflun endurskoðunargagna.

Sem hluti af endurskoðuninni munum við óska eftir að fá skriflega staðfestingu frá tilteknunum stjórnendum vegna upplýsinga sem okkur hafa verið gefnar í tengslum við endurskoðunina. Endurskoðun ársreikningsins dregur ekki úr skyldum og ábyrgðum stjórnenda.

Skyldur og ábyrgð á því að koma í veg fyrir og leiða í ljós skekkjur og sviksemi og tryggja fylgni við lög og reglur

4. Stjórnendum ber að varðveita eignir Hafnarfjarðarbæjar og koma í veg fyrir og leiða í ljós skekkjur og sviksemi. Það er einnig á ábyrgð stjórnenda að tryggja að Hafnarfjarðarbær fylgi þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Endurskoðun okkar miðar að því að veita hæfilega, en ekki fullkomna, vissu fyrir því að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, sem annars vegar stafa af skekkjum eða sviksemi og hins vegar af öðru ólögmætu athæfi. Endurskoðunin felur ekki í sér ítarlega skoðun á einstökum færslum sem myndu leiða í ljós skekkjur og sviksemi sem hefðu óveruleg áhrif á ársreikninginn. Við teljum mikilvægt að áréttu að endurskoðun er háð eðlislægum takmörkunum þar sem hún fer fram með úrtakskönnun þeirra gagna sem liggja til grundvallar ársreikningnum og í henni felst mat á því til hvaða þátta endurskoðunin nær ásamt mati á eðli, tímasetningu, umfangi og niðurstöðu einstakra prófana sem gerðar eru. Vegna þessara takmarkana er ekki tryggt að endurskoðunin muni leiða í ljós verulegar skekkjur, sviksemi eða ólögleg athæfi sem gæti haft bein og veruleg áhrif á ársreikninginn. Þar sem sviksemi er ætlað með ólöglegu samráði og fölsunum að dyljast er óvist að endurskoðun sem er skipulögð í samræmi við endurskoðunarstaðla leiði slíkt athæfi í ljós. Auk þess má benda á að þó virkt innra eftirlit dragi úr líkum á skekkjum, sviksemi og ólöglegu athæfi er ekki tryggt að slíkt geti ekki átt sér stað. Af þessum ástæðum getum við ekki ábyrgst að leiða í ljós skekkjur, sviksemi og ólögleg athæfi. Leiði endurskoðun okkar í ljós einhverjar vísbendingar um slíkt munum við gera stjórnendum viðvart.

Skyldur og ábyrgð endurskoðanda

5. Endurskoðun okkar verður hagað í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 sem meðal annars kveða á um að fylgt sé alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu. Staðlarnir kveða á um að endurskoðun sé skipulögð og framkvæmd þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri haettu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Endurskoðun felur einning í sér mat á þeim reikningsskilaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Vegna eðlislægra takmarkana endurkoðunar, ásamt eðislægri takmörkun í innra eftirliti er óafstýranleg hætta á að einhverjar mikilvægar skekkjur verði ekki uppgötvaðar, jafnvel þó að endurskoðun sé vel skipulögð, í samræmi við íslensk lög um endurskoðendur og að fylgt sé alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem samþykktir hafa verið af Evrópusambandinu.



Endurskoðun okkar miðar ekki að því að leiða í ljós alla verulega annmarka á innra eftirliti Hafnarfjarðarbæjar þar sem athugun okkar á innra eftirliti er afmörkuð við að afla nauðsynlegra upplýsinga við endurskoðun á ársreikningi Hafnarfjarðarbæjar Sú athugun er ekki nægileg til þess að staðfesta virkni innra eftirlits með áreiðanleika fjárhagsupplýsinga. Við munum hins vegar upplýsa stjórnendur skriflega um alla verulega veikleika í innra eftirliti sem upp kunna að koma við framkvæmd endurskoðunarinnar.

Slík skýrsla er aðeins ætluð stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar.

Skyldur varðandi skjöl sem fylgja endurskoðuðum ársreikningi

- 6.** Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar gera ráð fyrir því að við fórum yfir ársskýrslu og önnur gögn sem innihalda áritun okkar. Tilgangur þess er að kanna hvort aðrar upplýsingar í ársskýrslu og framsetning þeirra eru í verulegum atriðum í ósamræmi við upplýsingar í ársreikningnum. Það er hins vegar ekki hluti af endurskoðun okkar að sannreyna sílikar upplýsingar.

Skyldur tengdar rafrænni birtingu eða dreifingu áritunar PwC

- 7.** Það er ekki heimilt að birta áritun okkar á ársreikninga nema ársreikningurinn í heild ásamt skýringum fylgi með.

Notkun þriðja aðila á áritun PwC

- 8.** Áritun okkar er ætluð þeim sem hún er stíluð á. Endurskoðunin tekur ekki mið af sérstökum hagsmunum þriðja aðila eða hagsmunum sem kunna að leiða af tilteknum viðskiptum.

Skylda til að leita samþykkis fyrir frekari notkun á árituninni

- 9.** Hafnarfjarðarbær kann að óska eftir því að fella áritun okkar á ársreikninginn inn í útboðslýsingu í tengslum við skráningu verðbréfa í kauphöll samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða eða í tengslum við önnur verðbréfaviðskipti. Hafnarfjarðarbær samþykkir að endurskoðunaráritun okkar eða tilvísun til okkar sem endurskoðenda verði ekki sett inn í sílka útboðslýsingu án skriflegs samþykkis okkar. Vinna okkar í tengslum við útboð eða skráningu verðbréfa skal sett í sérstakan starfssamning.

Eign og aðgangur að endurskoðunargögnum

- 10.** Vinnugögn og rafrænar skrár sem við höfum útbúið í tengslum við endurskoðunina eru óskoruð eign PwC.

Notkun hugbúnaðar PwC

- 11.** Við framkvæmd endurskoðunarinnar munum við útbúa ýmis rafræn gögn og skjöl sem stuðningsgögn við endurskoðunina. Í einhverjum tilvikum kunna starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar að óska eftir slíkum gögnum. Þar sem slík gögn eru eingöngu ætluð til sérstakra nota við endurskoðunina en ekki ætluð



öðrum, yrðu þau látin af hendi án allrar ábyrgðar á notkun þeirra hjá Hafnarfjarðarbær. Verði slík gögn látin af hendi er ekki heimilt að afhenda þau þriðja aðila. Hugbúnaður eða rafraen gögn sem kynnu að vera útbúin fyrir Hafnarfjarðarbær yrði sérverkefni og félli undir sérstakan samning milli aðila.

Rafraen samskipti

12. Í tengslum við endurskoðunina kunnum við að eiga í rafraenum samskiptum en eins og almennt er vitað er ekki hægt að tryggja að rafraen sending gagna sé áreiðanleg, að gögnin berist að hluta eða öllu leyti í því formi sem þau fóru frá sendanda eða þau berist tímanlega. Við munum leitast við að tryggja að rafraen gögn sem við sendum séu áreiðanleg en við tökum enga ábyrgð á tjóni sem kann að hljótast af slíkum rafraenum samskiptum.

Póknun og úttagður kostnaður

13. Póknun okkar, sem fellur til greiðslu eftir því sem verkinu miðar, verður til samræmis við gildandi tilboð. Gjald fyrir hverja vinnustund fer eftir ábyrgð viðkomandi starfsmanns og þeirri reynslu og hæfni sem krafist er.

Önnur þjónusta er háð sérstöku samkomulagi

14. Stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar kunna að óska eftir því að PwC taki að sér að veita féluginu aðra þjónustu en endurskoðun. Við munum fúslega taka að okkur að veita slíka þjónustu svo fremi sem það stangist ekki á við óhæði okkar sem endurskoðendur Hafnarfjarðarbæjar. Gera skal sérstakt samkomulag vegna slíkrar þjónustu.

Þjónusta PwC

15. Það er markmið okkar að veita ávallt góða þjónustu í samræmi við þarfir viðskiptavina okkar. Ef þið óskið eftir því að ræða einhvern þátt þjónustunnar sem betur mætti fara, óskum við eftir því að málið verði rætt við umsjónarmann verkefnisins eða framkvæmdastjóra á skrifstofu okkar í Skógarhlíð 12, Reykjavík. Með þessu móti viljum við tryggja að brugðist verði við athugasemdum eða ábendingum sem þið kunnið að vilja koma á framfæri við okkur.

Lögsagnarumdæmi

16. Um ráðningarbréf þetta gilda íslensk lög eins og þau eru á hverjum tíma. Sérhver ágreiningur milli samningsaðila, sem upp kann að koma og tengist á einn eða annan hátt ráðningarbréfi þessu, skal leggja fyrir héraðsdóm Reykjavíkur enda hafi samningsaðilar áður árangurslaust reynt að leysa úr ágreiningi sínum. Með undirritun þessa samnings er staðfest ófrávíkjanlegt samkomulag milli aðila um að einungis íslenskir dómstólar muni fara með lögsögu ef upp kemur ágreiningur vegna þessa samnings.

Gagnavernd

17. PwC og Hafnarfjarðarbær samþykkja að hlíta lögum og reglum um vernd gagna og persónuupplýsinga í öllum viðeigandi dómsumdænum. Stjórnendur samþykkja að við megum nota og upplýsa þá aðila sem tengjast PwC, um trúnaðarupplýsingar og gögn í eigu fyrirtækisins: (a) í þeim tilgangi að veita þá þjónustu sem er tilgreind í þessu ráðningarábréfi, (b) til að uppfæra samskiptaskrár okkar og -grunna um starfsmenn ykkar í þeim tilgangi að auðvelda samskipti við þá starfsmenn sem við höfum leitað til við endurskoðun og könnun okkar, (c) til notkunar vegna tilfallandi krafna á hendur endurskoðendum svo sem vegna gæðaeftirlits og áhættumats, (d) vegna varðveislu og hýsingar gagna í tengslum við upplýsinga- og gagnaöflun í endurskoðuninni og munum við tryggja að allar viðeigandi trúnaðarskyldur og ráðstafanir varðandi öryggi tæknibúnaðar séu til staðar til að fyrirbyggja allan óleyfilegan og ólöglegan aðgang eða notkun á slíkum upplýsingum og gögnum og/eða tap eða eyðileggingu á slíkum upplýsingum og gögnum.

Undirritun samnings

Undirritun PwC

Við vonum að efni þessa bréfs sé í samræmi við skilning ykkar á hlutverki og störfum endurskoðanda félagsins og munum við gera okkar besta til þess að stuðla að góðri samvinnu um störf okkar við endurskoðunina. Vinsamlega undirritið og endursendið hjálagt afrit af bréfi þessu til staðfestingar á að efni þess samræmist skilningi ykkar á tilhögun endurskoðunar okkar á ársreikningnum.

Vinsamlegast hafið samband við okkur ef þið óskið eftir frekari upplýsingum eða viljið ræða efni bréfsins fyrir undirritun þess.

Virðingarfullst,

PricewaterhouseCoopers ehf.


Ljósbrá Baldursdóttir

Undirritun viðskiptavinar

Undirritaður samþykkir hér með efni þessa bréfs með undirritun sinni fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar og staðfestir jafnframt að hann hefur til þess heimild.


f.h. bæjarstjórnar
Haraldur E. Haraldsson

Dagsetning: